

# Samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjanesbæjar

## *I. kafli.*

### *Stofnun og hlutverk sjóðsins*

#### 1. gr.

Bílastæðasjóður Reykjanesbæjar er í eigu sveitarfélagsins Reykjanesbæjar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn sjóðsins.

Bæjarstjórn setur gjaldskrá fyrir sjóðinn sem kveður á um gjaldskyldu fyrir alla flokka/tegundir gjaldskyldra bifreiðastæða, ásamt gjaldskyldutíma.

Bæjarstjórn gerir tillögu að gjaldskrá aukastöðugjalds og stöðubrota og sendir til staðfestingar ráðherra.

Umhverfis- og framkvæmdasvið fer með daglegan rekstur og mannaforráð fyrir sjóðinn.

Fjármála- og stjórnsýslusvið sér um innheimtu gjalda og afgreiðir andmæli við aukastöðu- og stöðubrotagjöld.

Verkefni bílastæðasjóðsins er að eiga og reka stöðumæla við götur bæjarfélagsins og reka sérstök bílastæði eftir því sem tilefni er til. Jafnframt er bæjarfélaginu heimilt að fela sjóðnum byggingu og rekstur bílastæðahúsa og annarra bílskýla fyrir almenning.

Þá er bæjarstjórn enn fremur heimilt að fela sjóðnum að innheimta tekjur af gjöldum á afmörkuðum svæðum utan þéttbýlis, svo sem á ferðamannastöðum. Slík svæði skulu sérstaklega skilgreind og skal innheimta kynnt með áberandi hætti svo sem með skiltum. Tekjur af slíkum gjöldum renna í sérstakan sjóð sem aðgreindur er frá öðrum sjóðum enda skulu innheimtar tekjur sérstaklega ætlaðar til uppbyggingar á aðstöðu og þjónustu á viðkomandi svæði.

Til sjóðsins skulu renna tekjur af gjaldskyldum bifreiðarstæðum, leigu stöðureita, aukastöðubrotsgjöld og önnur gjöld vegna stöðvunarbrota sbr 18. gr. þessarar samþykktar. Til sjóðsins renna ennfremur tekjur af leigu bifreiðastæða í sérstökum bílastæðahúsum, sem leigð eru til lengri eða skemmri tíma. Þá fær sjóðurinn tekjur af greiddum bifreiðastæðagjöldum, þegar húsbyggjendur greiða bifreiðastæðagjöld skv. sérstakri samþykkt þar um. Ennfremur getur verið um að ræða framlög úr bæjarsjóði eða lántökur með ábyrgð bæjarsjóðs eða tryggðar veði í mannvirkjum, sem bókfærð eru hjá sjóðnum.

#### 2. gr.

### *Oróskýringar*

**Bifreiðastæði:** svæði með reitum til að leggja bifreiðum.

**Gjaldsvæði:** afmarkað svæði þar sem bifreiðastæði eru gjaldskyld. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi gjaldskyldu og gjaldskyldutíma.

**Gjaldskyldutími:** sá tími dags þar sem gjaldskylda er í gildi.

**Gjaldskrá:** verðskrá fyrir gjaldskyld bifreiðastæði, ásamt umsýslukostnað við útgáfu fastleigu- og íbúakorta.

**Íbúakortasvæði:** skilgreint svæði þar sem íbúakort gilda.

**Íbúakort:** veitir handhafa kortsins heimild til að leggja endurgjaldslaust innan skilgreinds íbúakortasvæði.

**Fastleigustæði:** skilgreint svæði þar sem fastleigukort gilda.

**Fastleigukort:** veitir handhafa kortsins heimild til að leggja endurgjaldslaust innan skilgreinds fastleigustæði.

**Stæði fyrir hópferðabíla:** bifreiðastæði þar sem einvörðungu er heimilt að leggja hópferðabílum.

**Græn stæði:** bifreiðastæði fyrir bifreiðar sem ganga einungis fyrir umhverfisvænum orkugjöfum. Á þessum stæðum er möguleiki á hleðslustöðvum.

**Stæði fyrir hreyfihamlaða:** bifreiðastæði sem eingöngu er ætlað fyrir bifreiðar með stæðiskort fyrir hreyfihamlaða.

## *II. kafli.*

### *Um bílastæði*

#### 2. gr.

Bifreiðastæði er svæði með reitum til að leggja bílum. Á bifreiðastæði er óheimilt að leggja bifreiðum annars staðar en á merktum reitum.

#### 3. gr.

Bifreiðastæði í þessari samþykkt geta verið:

- a. bifreiðastæði, sem eru gjaldfrjáls í takmarkaðan tíma,
- b. gjaldskyld bifreiðastæði til skammtímastöðu,
- c. sérstök stæði fyrir rútur og flutningabíla,
- d. bifreiðastæði á ferðamannastöðum, sbr. 4. mgr. 1. gr.,
- e. græn stæði,
- f. fastleigustæði sbr 17. gr.

#### 4. gr.

Bifreiðastæði eru merkt með 50-100 mm breiðum línum, heilum eða brotnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna.

Bifreiðastæði ætluð til sérstakra nota, svo sem stæði við hleðslustöðvar, skulu merkt sérstaklega og nýting takmörkuð.

Bæjarfélaginu er heimilt er að merkja bifreiðastæði með skiltum þar sem öðrum merkingum er ekki komið við.

Hver, sem leggur ökutæki þannig að eigi er unnt að nota stöðumælareit fyrir annað ökutæki skal greiða í stöðumælinn eins og ökutækið stæði á stöðumælareitnum sjálfum.

### **III. kafli.**

#### **Gjaldskyld bifreiðastæði**

##### 5.gr.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um hvar á götum og opnum svæðum skuli setja upp gjaldskyld bifreiðastæði.

##### 6. gr.

Greiðslulausnir fyrir gjaldskyldu geta verið ýmist ein lausn fyrir hvert stæði eða ein lausn fyrir ótiltekinn fjölda stæða. Skyld er að greiða fyrir afnot gjaldskyldu bifreiðarstæði fyrir hvers konar vélknúin ökutæki, sbr. skilgreiningu í 22. gr. lögreglusamþykktar Reykjanesbæjar. Einungis er heimilt að leggja véknúnum ökutækjum, sjá nánari skilgreiningu í 42. lið. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019

##### 7. gr.

Umhverfis- og framkvæmdasvið gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð gjalds fyrir stöðu ökutækis á stöðumælareit og á hvaða tíma gjaldskylda er.

##### 8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nota, samhliða stöðumælum eða í stað þeirra, rafræna gjaldtökulausn.

##### 9. gr.

Merkingar vegna gjaldskyldra bifreiðastæða skulu vera á áberandi stað og skal tilgreina gjaldskyldu og gjaldskyldu flokk og á hvaða tíma gjaldskyldan er..

Greiðslur fyrir stæði sem falla undir rafræna gjaldtökulausn skulu inntar af hendi í samræmi við þau fyrirmæli sem fylgja rafrænu gjaldtökulausninni.

### **IV. kafli.**

#### **Fastleigustæði**

##### 10. gr.

Fyrir fastleigustæði er greitt leigugjald sem ákvarðað er fyrir hvern mánuð. Umhverfis- og skipulagsráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð leigugjaldsins. Heimilt er að veita afslátt af leigugjaldinu ef samfelldur leigutími er 12 mánuðir eða lengri.

##### 11. gr.

Gegn greiðslu fyrir fastleigustæði skal afhenda leigutaka sérstakt kort sem setja skal á mælaborð við framrúðu ökutækisins, þannig að það sé vel sýnilegt utan frá, þegar ökutækinu er lagt á stæðið.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að í stað korta samkvæmt gr. 19.1 skuli nota rafræna gjaldtökulausn.

#### ***V. kafli.***

#### ***Bifreiðastæði fyrir stór ökutæki***

##### ***12. gr.***

Bifreiðastæði fyrir stór ökutæki eru sérstök bílastæði fyrir ökutæki sem skv. 22. gr. lögreglusamþykktar Reykjanesbæjar hafa ekki heimild til að leggja á götum eða almennum bílastæðum bæjarins, ýmist í landi bæjarfélagsins eða á landspildum sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

##### ***13. gr.***

Bílastæðasjóði er heimilt að taka leigugjald sem ákvarðað er af bæjarstjórn fyrir bifreiðastæði fyrir stór ökutæki, ýmist tímaleigugjald eða fast gjald. Notendur skulu þá festa límmiða með áritaðri notkunarheimild á rúðu viðkomandi ökutækis.

Séu bílastæðin notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald, sbr. VIII. kafla.

#### ***VI. kafli.***

#### ***Bílastæðahús og bílskýli***

##### ***14. gr.***

Umhverfis- og skipulagsráð getur gert tillögu til bæjarstjórnar um að byggja og reka bílastæðahús og bílskýli.

Heimilt er að selja hlutdeildarbréf í bílastæðahúsum og bílskýlum sem byggð eru af Reykjanesbæ fyrir reikning sjóðsins. Slíkt hlutdeildarbréf veitir rétt á bílastæði í bílahúsinu skv. nánari skilmálum og er sá réttur framseljanlegur. Réttthafi bílastæðis í bílastæðahúsi á vegum Bílastæðasjóðs greiðir rekstrarkostnað vegna þess.

##### ***15. gr.***

Notendur bílastæðahúsa og bílskýla í eigu sjóðsins skulu greiða leigu fyrir notkun þeirra skv. gjaldskrá sem bæjarstjórn ákveður. Jafnframt ákveður bæjarstjórn hvenær þau eru opin.

##### ***16. gr.***

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæðahúsa og einkabílskýla um að rekstur þeirra verði á vegum sjóðsins hluta sólarhringsins.

#### ***VII. kafli.***

#### ***Stöðvunarbrot – skilgreining***

##### ***17. gr.***

Stöðvunarbrot samkvæmt samþykkt þessari eru tvennskonar. Annars vegar brot á reglum um notkun stöðureita skv. f lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga sbr. 2. mgr. 86. gr. sömu laga og er gjaldtaka vegna þess hér á eftir nefnt aukastöðugjald. Hins vegar brot á reglum 109. gr. umferðarlaga lið a – e og er hér á eftir nefnt stöðubrot og stöðubrotsgjald.

### ***VIII. kafli.***

#### ***Eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjald og stöðubrotagjald***

##### 18. gr.

Sérstakir stöðuverðir á vegum Reykjanesbæjar eða þriðji aðili, sem bæjarstjórn hefur samið við, skulu sjá um eftirlit í samræmi við lög, reglur og samþykkt þessa.

##### 19. gr.

Þegar stöðuvörður verður þess var að ökutæki stendur ólöglega samanber 109. gr. laga nr. 77/2019 skal tilkynning til ökumanns birt honum með sannanlegum hætti..

##### 20. gr.

Bæjarstjórn sbr. 7. gr. þessara samþykktar ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds. Gjöld þessi skal greiða innan 14 daga frá álagningu. Tilkynning um gjald er í formi kröfu. Sé gjald samkvæmt 1. málsgrein ekki greitt innan 14 daga hækkar það gjald um 50% Kröfubréf skulu send til þeirra sem ekki greiða innan greinds frests.

##### 21. gr.

Verði gjöld ekki greidd innan 14 daga er heimilt að beita ákvæðum 110. greinar umferðarlaga nr. 77/2019 við innheimtu þeirra.

### ***XI. kafli.***

#### ***Rekstur bifreiðastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra.***

##### 22. gr.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um gerð almennra bílastæða ýmist á landi bæjarins eða á landspildum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi. Heimilt er að taka leigugjald fyrir bílastæði ýmist tímaleigugjald eða fast gjald og skal það gjald birt í gjaldskrá.

##### 23. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einka bifreiðastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

##### 24. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð gjalds fyrir afnot bifreiðastæða, sem fjallað er um í þessum kafla svo og þann tíma sólarhrings, sem notkun er undanþegin leigu.

Samþykkt þessi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 7. Maí 2024 og tekur gildi þegar í stað.

f.h. Reykjanesbæjar 20. Júní 2024

  
The stamp is an oval shape with a blue border. Inside the oval, the text "BÆJARSTJÓRINN" is written at the top, "REYKJANESBÆ" at the bottom, and "Kjartan Már Kjartansson" in the center, partially overlapping the signature.

Kjartan Már Kjartansson

Bæjarstjóri

B deild – Útgáfud.: